



## Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2022

### Kæru viðtakendur!

Í þessu fyrsta Fréttabréfi AkureyrarAkademíunnar á nýju ári er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í nóvember sl. og einnig er hér skemmtilegur pistill eftir dr. Martinu Huhtamáki, lektor í norrænum málum við Háskólann í Helsinki, sem heitir *Tíminn minn í AkureyrarAkademíunni*.

Góðar stundir!

### Starfið

Í desember sl. gengu AkAk og RA frá [viðbót við samstarfssamning](#) Akademíanna sem felur í sér nánari útfærslu á fyrirkomulagi á gagnkvæmum, endurgjaldslausum afnotum akademóna af vinnuaðstöðu í húsnæði systurstofnunarinnar norðan eða sunnan heiða. Akademónar eru eindregið hvattir til að nýta sér þennan frábæra möguleika eins og kostur er.

Stjórn AkAk hefur gengið frá [starfsáætlun](#) Akademíunnar fyrir þetta ár en hún byggir á stefnu AkAk 2021-2025 sem mörkuð var á síðasta ársfundi. Áætlunin skiptist í fjögur svið: fjármál og rekstur, aðstaða og faglegt starf, miðlun upplýsinga og ytra samstarf. Á hverju sviði er gerð grein fyrir meginmarkmiðum, aðgerðum og mælikvörðum til að meta árangur af starfinu.

Fyrir skömmu fékk AkAk styrk hjá Menningarsjóði Akureyrar til að vera með fyrirlestra og sögugöngu fyrir bæjarbúa í tengslum við 160 ára afmæli Akureyrarbæjar á þessu ári. Sögugangan er í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. Markmiðið með viðburðunum er að:

- Auka framboð á fjölbreyttu og aðgengilegu efni fyrir almenning um sögu og menningarlíf á Akureyri.
- Hvetja fræða- og áhugafólk til að rannsaka og skrifa um sögu Akureyrar út frá fjölbreyttum sjónarhornum.
- Vekja umræðu um mikilvægar vörður á þeirri vegferð síðustu 160 árin, og síðast en ekki síst að rýna til gagns samhengi og þýðingu þessa fyrir samtímann og framtíðarþróun bæjarins.

Við hjá AkAk þökkum Menningarsjóði Akureyrar kærlega fyrir stuðninginn og hlökkum til að bjóða bæjarbúum upp á skemmtilega og fræðandi viðburði.

Við hjá AkAk fengum góða gesti til okkar um daginn en þá kom Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra [háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála](#) í heimsókn með fríðu föruneyti til að kynna sér starfsemi Akademíunnar. Við þökkum ráðherra og hennar fólki kærlega fyrir heimsóknina og hlökkum til samstarfs um rannsóknir og nýsköpun.

Nýlega úthlutaði [Norðurorka hf.](#) styrkjum til samfélagsverkefna. AkAk fékk styrk til að halda fyrirlestra fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna á Akureyri á þessu ári sem verða líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið með fyrirlestrunum er að bjóða íbúum heimilanna og öðrum bæjarbúum upp á fræðandi erindi þar sem fjallað er um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Við hjá AkAk þökkum Norðurorku hf. kærlega fyrir stuðninginn.

Í gildi er [samstarfssamningur](#) á milli AkAk og Akureyrarbæjar sem felur í sér að þeir sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna geta sótt um að fá ókeypis vinnuaðstöðu hjá AkAk. Þessa dagana er verið að auglýsa eftir umsóknum um vinnuaðstöðuna fyrir tímabilið frá 1. mars til 31. ágúst. Þeir sem áhuga hafa á þessu eru hvattir til að hafa samband við AkAk, annað hvort með pósti til framkvæmdastjóra eða í síma 833-9861.

Í síðustu viku kom fólk hjá sjónvarpi N4 í heimsókn til að taka upp innslag um starfið og samfélagið í AkAk í þáttinn „Að norðan“ og er það aðgengilegt [hér](#).

### **Innanhúsfólk**

Þórhallur S. Bjarnason véla- og orkutæknifræðingur og akademóni og samstarfsfélagar hans hjá nýsköpunarfyrirtækinu Green Fuel hf. eru í hópi styrkhafa [Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra](#) á þessu ári á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Fyrirtækið var stofnað gagngert til að framleiða kolefnisfrítt og vistvænt eldsneyti úr hreinum auðlindastraumum - lofti, vannýttum straumum frá jarðvarmasvæðum og vetni sem er rafgreint úr hreinu vatni með vistvænni raforku. Framleiðslan verður byggð á iðnaðarsvæðinu á Bakka við Húsavík, en þar er verið að þróa iðnaðarsvæði með áherslu á vistvænan iðnað sem nýtir umhverfisvænar auðlindir og er gert ráð fyrir að starfsemin verði byggð upp í nokkrum áföngum. Framleiðslan kemur til með að spara bæði innflutning á jarðefnaeldsneyti og skapa gjaldeyristekjur af útflutningi á vistvænu eldsneyti og mun því fela í sér mikinn þjóðhagslegan ávinning. Við hjá AkAk óskum Þórhalli S. Bjarnasyni og félagum hans innilega til hamingju með styrkinn.

**Tíminn minn í AkureyrarAkademíunni.** dr. Martina Huhtamäki, lektor í norrænum málum við Háskólann í Helsinki, skrifar.

Sjáðu fyrir þér norðlenskan bæ í byrjun janúar. Það sést varla til sólar, húsin og garðarnir eru snjóklædd en nokkrar jólaserfúr hanga ennþá sums staðar. Fólkíð fer ekkert, nema það sé bráðnauðsynlegt, þannig að þú sérð engan í götunni.

Þannig var Akureyri í janúar 2017, þegar við fluttum í bæinn frá stórborginni Helsinki í Finnlandi. Maðurinn minn var búinn að fá vinnu í háskólanum. Ég kom með starf mitt, þar sem ég var nýdoktor í

rannsóknarverkefni og gat unnið hvar sem var. Við áttum svo heima á Akureyri hátt í fimm ár. Ég var allan tímann með vinnuástöðu í AkureyrarAkademíunni, nema fyrsta mánuðinn.

En fyrsta mánuðinn reyndi ég að vinna heima við eldhúsborðið. Þetta hefur auðvitað verið hversdagslegur hlutur margra nú í kófinu, en þá var ég að mestu leyti vön að vinna á vinnustaðnum. Það gekk misvel og hvöt mín að vinna lækkaði hratt.

Eftir svona mánuð fékk ég að fréttu um stað sem kallaðist AkureyrarAkademían. Ég vissi ekki alveg hvað þetta væri, en eftir smá umhugsun hringdi ég í verkefnastjórnann, Kristínu Hebu Gísladóttur. Hún bauð mér í heimsókn að skoða húsnæðið. Andrúmsloftið virtist á sama tíma bæði faglegt og heimilislegt. Ég ákvað að taka skrifborð á leigu.

Ég fékk aðgang að skrifborði, stól, bókahillu og fleira, en síðast en ekki síst, aðgang að kaffistofunni. Þar fóru bæði margar og miklar umræður fram. Íslenskukunnáttan mín byrjaði snögglega að skána. Ég var með grunnfærni í íslensku þegar við fluttum til Íslands, en ekki vön að tala og mig vantaði orðaforða og tók á málfræði. Fyrst hlustaði ég aðallega, en fór smám saman að tala meira. Alltaf var skemmtilegt í hádegismatnum og margar sögur sagðar.

Ég mætti í AkureyrarAkademíuna á morgnana og fór heim seinni partinn, alveg eins og á venjulegum vinnustað. Þetta olli því að dagarnir mínir fengu rytma, og bætti í einu bæði vinnuafraksturinn minn og félagslíf mitt. Þetta var sérstaklega mikilvægt þegar við vorum nýflutt til Akureyrar, en allan tímann betrubætti það tilveru mína þegar við áttum heima á Akureyri.

AkureyrarAkademían var til húsa á þremur mismunandi stöðum á þeim árum sem ég var þar. Síðasti staðurinn var verslunarmiðstöðin Sunnuhlíð, þar sem AkureyrarAkademían keypti húsnæði vorið 2020.

Þar sem við vorum ekki það mörg, gat ég líka unnið í Akademíunni í kófinu (en þegar það var sem verst vann ég heima). Frá árunum í AkureyrarAkademíunni man ég ekki bara vinnuna, heldur einnig hugguleg jólaboð og skemmtilegar sumarferðir eins og þegar núverandi verkefnastjóri AkureyrarAkademíunnar, Aðalheiður Steingrímsdóttir, var ferðastjóri okkar í Aðaldal í fyrra.

Mig langar að þakka öllum akademíunum fyrir frábæran félagsskap, skemmtilegar umræður í kaffistofunni, faglega framkomu og vináttu. Án ykkar hefði dvöl mín fyrir norðan aldrei heppnast eins vel og raun bar vitni.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang [www.akak.is](http://www.akak.is)  
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir [adalheidur.steingrimsdottir@akak.is](mailto:adalheidur.steingrimsdottir@akak.is)